

Næra hina komandi kynslóð



Kennið þessar ritningargreinar og tilvitnanir eða aðrar reglur, ef þörf er á því,

sem verða systrunum til blessunar sem þið heimsækið. Berið vitni um kenninguna. Þjóðið þeim sem þið heimsækið að deila því sem þær hafa fundið og lært.

K&S 123:11: „Einnig er það óhjákvæmileg skylda okkar gagnvart öllum komandi kynslóðum.“

Hver er mín ábyrgð gagnvart komandi kynslóð?

Öldungur Neal A. Maxwell (1926–2004) í Tólfpostulasveitinni: „Frá- tekin af Drottni fyrir þessa stund, [hina komandi kynslóð] verður nú að varðveita . . . og undirbúa fyrir þeirra sérstaka andartak í veraldar-sögunni! Þeim hefur verið haldið til haga til að koma fram á þessari stundu, en nú þarf að ýta þeim áfram á stefnumót þeirra. . . .“

Unglingar eru ekki ósvipaðir tilvonandi trúskiptingum. Það eru úrslita augnablik þegar sálir þeirra fara að hallast—að Drottni eða frá honum. Slík augnablik ákvörðunar er ekki alltaf hægt að skapa en þegar þau eiga sér stað þá má ekki sóa þeim. Oftar en ekki eiga slíka augnablik sér stað í hljóðlegum

og lotningarfullum samtölum við foreldra, ömmu eða afa, biskup, fullorðinn leiðtoga eða réttlátan jafningja“ (“Unto the Rising Generation,” *Ensign*, apr. 1985, 8, 10).

Öldungur Ronald A. Rasband í forsætisráði hinna Sjötíu: „Okkar upprennandi kynslóð á skilið að við gerum okkar besta til að styðja hana og styrkja á leið hennar til fullorðins ára. . . . Núna er tími til að við séum betur meðvituð um þá þörf að styrkja, endurnæra og hafa góð áhrif á alla unga Síðari daga heilaga sem við munum hitta, í sérhverju verki og hvar sem við erum.“ (“Our Rising Generation,” *Liahona*, may 2006, 47).

Hvernig get ég nært hina komandi kynslóð?

Gordon B. Hinckley forseti (1910–2008): „Gleymið aldrei að þessi litlu börn eru synir og dætur Guðs og ykkar er að fara með forræði fyrir þeim, að hann var foreldri áður en þið urðuð foreldrar og að hann hefur ekki afsalað sér foreldrarétti eða áhuga á sínum litlu börnum. . . . Alið börn ykkar upp í ást, í uppeldi og áminningu Drottins. Hugsið vel um litlu börnin ykkar. Þjóðið þau velkomin inn á heimili ykkar og nærrið þau og elskið með öllu hjarta ykkar.

Vera kann að á komandi árum muni þau gera hluti sem þið viljið ekki að þau geri en verið þolinmóð, verið þolinmóð. Svo lengi sem þið haldið áfram að reyna þá hefur ykkur ekki mistekist“ (“Words of the Living Prophet,” *Liahona*, maí 1998, 26–27).

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagsins: „Að ala upp táknað að rækta, annast og láta vaxa. . . . Að ala upp krefst skipulagningar, þolinmæði, ástar og vinnu. Að stuðla að vexti með umönnun er sannlega máttugt og áhrifamikið hlutverk sem konur hafa hlotið“ (“Mothers Who Know,” *Liahona*, nóv. 2007, 76, 77).

Barbara Thompson, annar ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins: „Við getum, sem systur í Líknarfélaginu, hjálpað hver annarri að efla fjölskyldur. Við eigum kost á að þjóna á hinum ýmsu sviðum. Við eigum stöðugt samskipti við börn og ungmenni, sem kunna að þarfnast einmitt þess sem við höfum að bjóða. Þið eldri systurnar búið yfir mikilli reynslu sem þið getið miðlað yngri mæðrunum. Stundum segir eða gerir leiðtogi Stúlknafélagsins eða Barnafélagsins einmitt það sem rennir stoðum undir það sem foreldri hefur reynt að kenna. Og augljóslega þurfum við ekki neina sérstaka köllun til að teygja okkur til vana eða nágranna“ (“I Will Strengthen Thee; I Will Help Thee,” *Liahona*, nóv. 2007, 117).